



Héraðsnefndar Árnésinga bs.

36. fundur – vorfundur,
haldinn í Rauða Húsinu á Eyrarbakka,
14. apríl 2026.

Vorfundur Héraðsnefnda Árnésinga bs. er haldinn í Rauða húsinu á Eyrarbakka þriðjudaginn 14. apríl 2026 að viðstöddum undirrituðum fulltrúum.

1. Fundarsetning

Helgi Kjartansson, formaður Héraðsnefndar Árnésinga bs., setur fundinn kl. 8:30 og býður fulltrúa velkomna. Í upphafi fundar kallar formaður eftir athugasemdum við útsent fundarboð. Engar athugasemdir eru gerðar. Einnig leggur hann til að formaður verði fundarstjóri og Rósa Sif Jónsdóttir verði fundarritari og er það samþykkt samhljóða. Síðan er gengið til dagskrár.

2. Fundargerðir framkvæmdastjórnar

Helgi Kjartansson formaður fer yfir 35. fundargerð héraðsnefndar frá 14. október og fundargerðir framkvæmdastjórnar nr. 35. frá 19. desember, nr. 36 frá 18. febrúar og nr. 37 frá 31. mars eru fundargerðir lagðar fram til kynningar.

Formaður gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

3. Stjórnskipulag Héraðsnefndar Árnésinga

1) *Tillaga að nýjum samþykktum fyrir Héraðsnefnd Árnésinga*

Á haustfundi Héraðsnefndar Árnésinga 14. október 2025 var samþykkt að fela framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Árnésinga að koma með tillögu að framtíðarhlutverki Héraðsnefndar og hvernig skuli farið með utanumhald á eignum Héraðsnefndar. Tillagan yrði lögð fram eigi síðar en á vorfundi Héraðsnefndar 2026. Framkvæmdastjórn hafði heimild til að kaupa sérfræðiaðstoð vegna þessarar vinnu.

Samþykkt var á fundi 37. fundi framkvæmdastjórnar að fá Lögmennt Suðurlands til að skrifa nýjar samþykktir fyrir Héraðsnefndina og leggja fyrir vorfund.

Formaður leggur fram eftirfarandi tillögu að bókun vegna samþykktar fyrir Héraðsnefnd Árneseinga:

Tillaga að nýjum samþykktum fyrir Héraðsnefnd Árneseinga

Fyrir fundinum liggur tillaga að nýjum samþykktum fyrir Héraðsnefnd Árneseinga skv. 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Fyrirliggjandi tillaga að breyttum samþykktum tekur mið af því að byggðasamlagið hefur annast yfirstjórn og rekstur tiltekinna sameiginlegra stofnana fyrir hönd aðildarsveitarfélaga byggðasamlagsins, sem hefur verið samþykkt að færa undir sérstæð byggðasamlög þannig að málefni þeirra heyri ekki lengur undir Héraðsnefnd Árneseinga. Þó er fyrirhugað að áfram verði aðalfundir og aukaaðalfundir byggðasamlaga þeirra stofnana haldnir í samfellu og tengslum við aðalfundi og aukaaðalfundi Héraðsnefndar Árneseinga eins og nánar er kveðið á um í samþykktum þeirra.

Þrátt fyrir að stór hluti starfsemi byggðasamlagsins hafi með þessu verið færður undan verkefnasviði þess, þá eru áfram tilteknir sameiginlegir hagsmunir aðildarsveitarfélaganna, bæði í formi réttinda og skyldna, sem verður að tryggja áfram lögmætan farveg í samstarfi sveitarfélaganna. Samhliða þessum breytingum er nú leitast við að einfalda stjórnskipulag byggðasamlagsins frá því sem nú er, og samræma það að vissu leyti því stjórnskipulagi sem hefur verið ákveðið fyrir hins sérstæðu byggðasamlög þeirra stofnana sem áður heyrðu undir Héraðsnefndina.

Lagt er til að samþykkja tillögu að nýjum samþykktum byggðasamlagsins með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum og að vísa þeim til staðfestingar sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga byggðasamlagsins sem taka þurfa breyttar samþykktir fyrir í tveimur umræðum áður en þær eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

Jafnframt er lagt til að samþykkja að fela Dagnýju Sif Sigurbjörnsdóttur hdl., Lögmonnum Suðurlandi, að fylgja málinu eftir í samráði við formann stjórnar byggðasamlagsins, og láta birta samþykktirnar í B-deild Stjórnartíðinda að undangenginni samþykkt aðildarsveitarfélaganna í tveimur umræðum og staðfestingu viðkomandi ráðuneytis í samræmi við ákvæði IX. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Fundarstjóri gefur orðið laust til máls taka auk formanns Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, Bragi Bjarnason, Arna Ír Gunnarsdóttir, Grétar Ingi Erlendsson og Árni Eiríksson.

Tillaga að nýjum samþykktum fyrir Héraðsnefnd Árneseinga er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

2) Eignir Héraðsnefndar Árneseinga

Farið er yfir eignasafn Héraðsnefndar Árneseinga.

Fundarstjóri gefur orðið laust til máls taka auk formanns Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, Bragi Bjarnason og Ari Björn Thorarensen.

Fundurinn samþykkir samhljóða að fela nýrri stjórn að fara í vinnu við að fara yfir eignasafn Héraðsnefndar Árneseinga og koma því í farveg.

4. Almannaþingarnefnd Árneseinga

1) Fundargerðir stjórnar lagðar fram til kynningar

Bragi Bjarnason formaður framkvæmdaráðs Almannaþingarnefndar Árneseinga fer yfir fundargerðir framkvæmdaráðs Almannaþingarnefndar Árneseinga nr. 10 frá 10. desember og nr. 11 frá 14. mars eru fundargerðir lagðar fram til kynningar.

Bragi segir frá því að Björn Ingi Jónsson verkefnastjóri almannaþingarnefndar á Suðurlandi sé hættur störfum og að kominn sé afleysingaraðili í hans stað.

Huga þarf að framtíðarskipulagi samstarfsins, hvernig það er að nýtast og hvort tækifæri séu til að gera betur. Í því samhengi að skoða samningamál um verkefnastjóra almannaþingarnefndar og mögulega starfslýsingu. Mikilvægt er að það sé gott samstarf um almannaþingarnefndarmálin milli sveitarfélaga og viðbragðsaðila.

Fundarstjóri gefur orðið laust til máls taka auk formanns Arna Ír Gunnarsdóttir, Bragi Bjarnason, Jón Bjarnason, Árni Eiríksson, Fjóla St. Kristinsdóttir og Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir.

Fundurinn samþykkir samhljóða að fela nýrri stjórn almannaþingarnefndar að fara yfir samning við verkefnastjóra almannaþingarnefndar. Það sé gert í samtali við lögreglu- og slökkviliðsstjóra til að leggja mat á forsendur á framhaldi verkefnisins og móta tillögu um mögulegan áframhaldandi samning sem lögð verði fyrir aðalfund.

2) Ársreikningurinn 2025

Helgi Kjartansson fer yfir ársreikning.

Fundarstjóri gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

Reikningurinn er lagður fram og staðfestur.

5. Ársreikningur Héraðsnefndar Árneseinga

Ingibjörg Garðarsdóttir fjárhaldsmaður fer yfir ársreikning og svarar fyrirspurnum.

Fundarstjóri gefur orðið laust til máls tekur Arnar Freyr Ólafsson.

Reikningurinn er lagður fram og staðfestur.

Fundi slitið kl. 9:22

Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð
Kjartan Björnsson, Sveitarfélagið Árborg
Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Bragi Bjarnason, Sveitarfélagið Árborg
Brynhildur Jónsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Sveinn Ægir Birgisson, Sveitarfélagið Árborg
Pórhildur Dröfn Ingvadóttir, Sveitarfélagið Árborg
Fjóla St. Kristinsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Arnar Freyr Ólafsson, Sveitarfélagið Árborg
Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Sveitarfélagið Árborg
Álfheiður Eymarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Ellý Tómasdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Ari Björn Thorarensen, Sveitarfélagið Árborg
Haraldur Þór Jónsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Jón Bjarnason, Hrunamannahreppur
Daði Geir Samúelsson, Hrunamannahreppur, áheyrnarfulltrúi
Guðrún S. Magnúsdóttir, Bláskógarbyggð
Smári Bergmann Kolbeinsson, Grímsnes- og Grafningshreppur
Ragnheiður Eggertsdóttir, Grímsnes- og Grafningshreppur, áheyrnarfulltrúi
Árni Eiríksson, Flóahreppur
Friðrik Sigurbjörnsson, Hveragerði
Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, Hveragerði
Vilhjálmur Baldur Guðmundsson, Sveitarfélagið Ölfus
Grétar Ingi Erlendsson, Sveitarfélagið Ölfus
Ingibjörg Garðarsdóttir, fjárhaldsmaður
Rósa Sif Jónsdóttir, ritar